

Viðauki

Við samning milli Landsmóts hestamanna ehf við Rangárbakka, þjóðarleikvangur íslenska hestsins ehf. um Landsmót hestamanna 2020.

Inngangur

Þann 7. júlí 2017 undirrituðu Landsmót hestamanna ehf. kt. 501100-2690 (hér eftir vísað til sem LM) og Rangárbakkar, þjóðarleikvangur íslenska hestsins ehf. kt. 691200-2130 (hér eftir vísað í sem Rangárbakkar) samning um mótshald Landsmóts hestamanna 2020 á Rangárbökkum (hér eftir nefnt LM2020). Samkvæmt 34. gr. samningsins er heimilt að endurskoða samninginn fyrir 1. desember 2018. Fundað var á Helli þann 28. nóvember 2018 og komust aðilar að samkomulagi um breytingar á 1. gr. samningsins, veitingu réttar til þess að halda LM2020 og um sýnileika styrktaraðila Landssambands hestamannafélaga (hér eftir vísað í sem LH) á Landsmóti 2020. Skal viðaukinn teljast hluti af samningi aðila frá 7. júlí 2017.

1.gr.

Rangárbakkar greiða LM fyrir réttinn sem nemur 8% af söluandvirði seldra miða en þó aldrei meira en sem nemur 7.000.000 kr. Ef mótið fellur niður vegna sérstakra aðstæðna falla greiðslur niður. Uppgjör á sér stað í gegnum sölukerfi sem valið er fyrir mótið og greiðist hlutur LM jafnhliða uppgjöri við miðasölufyrirtækið strax að loknu móti.

Rangárbakkar munu notast við viðurkenndan aðila miðasölukerfis.

Rangárbakkar munu afhenda LM alls 40 aðgöngumiða á LM2020 án endurgjalds. Nafnalisti yfir þá aðila sem nota munu aðgöngumiðana skal liggja fyrir eigi síðar en 15. júní 2020.

LH hefur, án sérstakrar greiðslu, rétt á að bjóða styrktaraðilum LH og landsliðsins sýnileika á Landsmótinu. Mun sá sýnileiki fela í sér að styrktaraðilar LH og landsliðsins fái a.m.k. þrjár síður í mótsskrá mótsins (eina framarlega, eina fyrir miðju og eina fyrir aftan miðju), á heimasíðu Landsmótsins og á mótssstað í formi einnar fánaborgar og eina auglýsingu á risaskjá. Munu styrktaraðilar LH og landsliðsins vera kynntir sérstaklega sem slíkir, til aðgreiningar frá öðrum styrktaraðilum Landsmóts.


Rangárbakkar afhendi LM reiknisniðurstöður mótsins fyrir árslok 2021. Einnig afhendi Rangárbakkar LM skýrslur og rannsóknir svo sem skýrslu mótsstjóra á árinu 2021.

Rangárbakkar munu fá afnot af eftirtöldum eigum LM ehf. á LM2020 endurgjaldslaust: heimasíðu, rafmagnstenglum, dómhúsum og tímatökubúnaði.

Komi til forsendubrests svo sem eldgoss, að flug leggst niður eða annað sem veldur óyggjandi hruni í miðasölu verður samningurinn tekin til endurskoðunar.


Að öðru leiti heldur samningurinn frá 7. júlí 2017 gildi sínu.

Reykjavík 30. janúar 2019




F.h. Landsmóts hestamanna ehf.

Vottur:



Nafn

Kt.



F.h. Rangárbakka ehf.

Vottur:



Nafn

Kt.

020374-3659